



Fjárlög 2019 – allt í járnum!

Mun meiri festa í ríkisfjármálum

Eftir að lögin um opinber fjármál tóku gildi hefur verið mun meiri festa í allri vinnu í kringum fjárlög. Nú er annarri umræðu lokið og var það mun fyrr en verið hefur síðustu ár. Yfirleitt verða ekki miklar breytingar á frumvarpinu milli annarrar og þriðju umræðu. Í rauninni ákvarða bæði fjármálastefna ríkisstjórnar og fjármálastefna ársins ramma fjárlagafrumvarps hverju sinni þannig að svigrúm til breytinga er verulega minna en var á árum áður.

Litlar breytingar í meðferð þingsins


Gerðar voru óverulegar breytingar við bæði tekju- og gjaldaáætlanir frumvarpsins. Á rekstrargrunni verða heildartekjur ársins því 892 ma.kr. og gjöld 863 ma.kr. Heildarafkoman verður því jákvæð um 28,9 ma.kr.

Stærstu breytingar á tekjuhlið voru 4 ma.kr. lækkun virðisaukaskatts og 1,7 ma.kr. hækkun tekjuskatts einstaklinga. Þá var bætt við áætluðum 2,7 ma.kr. tekjum af sölu koltvísýringslosunarheimilda í eigu íslenska ríkisins á uppboðsmarkaði á næsta ári. Á gjaldahlíð var samþykkt að auka fjárheimildir um 3,8 ma.kr. vegna endurmats á launa-, gengis- og verðlagsforsendum. Nú er gert ráð fyrir 3,6% hækkun launa frá 1. apríl í stað 3,4% hækkunar. Það þýðir t.d. að bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur hækka um 3,6% í stað 3,4%.

Aðhaldsstig ekki nógu mikið?


Töluverð umræða hefur verið um að aðhaldsstig ríkisfjármála sé ekki nógu mikið. Varað hefur verið við því að afgangur sé of lítill og að lítil frávik geti orðið til þess að halli myndist á rekstri ríkissjóðs. Í þessu sambandi má minna á kröfur félaga innan ASÍ til ríkissjóðs vegna komandi kjarasamninga. Af hálfu t.d. Seðlabankans og Fjármálaráðs hafa komið fram efasemdir um að stefnan í ríkisfjármálum og afkoma ríkissjóðs styðji nægilega vel við peningamála-stefnuna til þess að tryggja betur æskilegt jafnvægi í þjóðarþúskapnum. Þrátt fyrir þetta viðrar meirihluti fjárlaganefndar þá skoðun að í núverandi stöðu geti

Ferill tekjujafnaðar ríkissjóðs




Heimild: Fjársýsla ríkisins, fjármála- og efnahagsráðuneytið

Tekjur og gjöld ríkissjóðs



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Stærstu einstöku tekjulíðir ríkissjóðs



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið



verið eðlilegt að slaka á aðhaldinu og auka fjárfestingar í velferðarmálum, samgöngum og menntamálum og að nota megi svigrúm sem myndast vegna minni vaxtagreiðslna til þessara útgjalda.

Mikil lækkun skulda

Á síðustu árum hafa skuldir A-hluta ríkissjóðs lækkað mikið. Þær¹ voru um 42% af VLF í árslok 2015 og reiknað er með að þær verði 23% af VLF um næstu áramót. Þá eru uppi áætlanir um að greiddir verði árlega 7 ma.kr. inn á ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þessar skuldbindingar eru verulegar og námu u.þ.b. 619 mö.kr. um síðustu áramót.

Minni skuldir fela að öðru jöfnu í sér lægri vaxtagjöld. Engu að síður voru áætluð vaxtagjöld ársins 2019 hækkuð um 2,7 ma.kr. í meðförum fjárlaganefndar. Þar var m.a. horft til nýrrar þjóðhagsspar og aukinnar verðbólgu. Þannig er gert ráð fyrir hækkingu verðbólgu um 2,3 ma.kr. vegna meiri verðbólgu og að nýr verðtryggður flokkur ríkisskuldabréfa var settur í sölu nú í lok nóvember og veður seldur áfram 2019.


Truflar launaþróun önnur útgjöld?

Í greinargerð meirihluta fjárlaganefndar er bent á að launagjöld og almannatryggingar hafi hækkað hlutfallslega meira en önnur gjöld frá árinu 2011 og að fjárfesting og kaup á vörum og þjónustu hafi dregist hlutfallslega saman. Meirihlutinn telur þannig að launagjöld hafi hækkað mjög mikið á síðustu árum og haldi sú þróun áfram geti það dregið úr svigrúmi til innviðauppbyggingar. Sé litið lengra aftur en til ársins 2011 kemur hins vegar í ljós að hlutur launa af útgjöldum er ekki hærrí nú en oft hefur verið og sú staða ætti ekki að trufla útgjöld til annarra mála, t.d. uppbyggingar innviða.


Hvar liggur fjárveitingavaldið?

Í meirihlutaálini fjárlaganefndar er fjallað um breytingar á vinnulagi nefndarinnar. Þar kemur fram að nefndin óski eftir afstöðu ráðherra um tillögur til breytinga á frumvarpinu áður en afstaða er tekin til málsins. Með þessum hætti er kannað hvort viðkomandi beiðni falli að stefnumörkun um


Einstakir útgjaldaliðir ríkissjóðs



Skuldir ríkissjóðs m.v. skuldareglu



Nokkur rekstrarútgjöld ríkissjóðs



¹ Hér er miðað við skilgreiningu skv. skuldareglu laga um opinber fjármál.



málaflökkinn og hvort ráðherra hyggist gera samning við viðkomandi aðila. Tilgangurinn með þessari vinnuaðferð er sagður vera að tengja fjárbeiðnir betur við stefnumörkun í viðkomandi málefnaflökki til að mynda samfellu í fjárveitingum og tengingu við uppfærslu fjármálaáætlunar á næsta vori. Þetta vinnulag hlýtur að vekja upp þá áleitnu spurningu hvar fjárveitingavaldið liggi í raun og veru. Þetta verklag er væntanlega enn ein staðfestingin á því að sjálfstætt fjárveitingavald Alþingis er verulega takmarkað og að framkvæmdavaldið ráði mestu í þeim efnum.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.